

**Samantekt: Kostnaðarlágmörkunargreining á sjúkrahústengdri heimaþjónustu á Landspítalanum**

**Nemandi: Ragna Dóra Rúnarsdóttir**

**Sérsvið: Heilsuhagfræði**

**Dagsetning: Júní 2008**

Markmið þessa verkefnis er að vera innlegg í fræðilega umræðu um sjúkrahústengdar heimavitjanir á Íslandi en sjúkrahústengd heimavitjun er skilgreind sem þjónusta sem veitir virka meðferð við sjúkdómi af heilbrigðisstarfsmönnum á vegum sjúkrahússins, á heimili sjúklingsins, sem annars myndi þarfnast bráðaumönnunar á sjúkrahúsi. Alltaf er miðað við að þjónustan standi yfir í takmarkaðan tíma (Jacobs, o.fl., 2007; Shepperd og Iliffe, 2005; Wilson, o.fl., 1999).

Sett er fram rannsóknarspurningin:

*Er sjúkrahústengd heimaþjónusta á LSH skilvirkari/hagkvæmari en hefðbundin sjúkrahúsþjónusta á LSH út frá sjónarhorni hins opinbera?*

Til að svara rannsóknarspurningunni var framkvæmd kostnaðarlágmörkunargreining á konum sem greinst hafa með krabbamein og farið í aðgerð á brjósti á Landspítalanum. Borinn er saman kostnaður þeirra sem fá alla sína meðferð á spítalanum og hinna sem fá hluta af meðferðinni í gegnum sjúkrahústengda heimaþjónustu.

Farið er í gegnum ritrýndar heimildir og fræðileg umræða um sjúkrahústengdar heimavitjanir skoðuð. Sérstaklega er sjónum beint að því sem til er um hagkvæmni og skilvirkni heimaþjónustunnar. Farið er í gegnum sögu sjúkrahústengdrar heimaþjónustu á Landspítalanum, þróunin og breytingar á sjúkrahúsþjónustu á Íslandi rakin.

Til að fá fram niðurstöðum og samanburði á kostnaði er stuðst við kostnaðarlágmörkunargreiningu. Samanburður er gerður á sjúkrahúskostnaði hópanna tveggja, þeirra sem fá alla meðferð á spítalanum og hinna sem fá hluta af meðferð heima fyrir. Niðurstöður greiningarinnar sýna að kostnaðarmunur milli hópanna nemur 33.3 miljónum kr. Að meðaltali var heildarkostnaður fyrir hverja konu sem fékk sjúkrahústengda heimaþjónustu sem hluta af sinni meðferð rúmum 209.000 kr. lægri en hinna sem fengu alla sína meðferð inniliggjandi á Landspítalanum. Óvarlegt er að yfirfæra eða gera ráð fyrir að sami eða sambærilegur sparnaður geti hlotist fyrir alla þá sem hljóta sjúkrahústengda heimaþjónustu.